



Framkvæmda- fréttir

8. tbl. /06

Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði

Sjá bls. 2-7



Tölvumynd af fyrirhugaðri brú yfir Norðurá í Skagafirði.
Hönnun, brúadeild Vegagerðarinnar.

Niðurstöður útboða

Norðausturvegur (85)

um Laxá hjá Laxamýri 05-050

Tilboð opnuð 14. mars 2006. Endurbygging Norðausturvegar á um 1,5 km löngum kafla um Laxá í Aðaldal, ásamt gerð áningarstaðar norðan vegar í Heiðarenda milli Laxár og Mýrarkvíslar.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	24.600 m ³
Neðra burðarlag	8.400 m ³
Efra burðarlag	2.800 m ³
Tvöföld klæðing	11.700 m ²
Frágangur fláa	46.600 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. ágúst 2006.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 Alverk ehf., Aðaldal og B.J. vinnuvélar, Þórshöfn	40.558.000	113,8	9.876
--- Áætlaður verktakakostnaður	35.640.000	100,0	4.958
3 Icefox ehf., Akureyri	32.700.000	91,8	2.018
2 Sandöx ehf., Kópaskeri	32.610.225	91,5	1.928
1 Árni Helgason ehf., Ólafsfjörður	30.682.500	86,1	0

Hringvegur (1) - Nesbraut (49), mislæg gatnamót, eftirlit seinni opnun 05-064

Tilboð opnuð 14. mars 2006. Eftirlit með verkinu „Hringvegur (1) - Nesbraut (49), mislæg gatnamót.“

Í verkinu felst í að byggja brú (eina akrein í hvora átt) yfir Nesbraut þar sem hún tengist Hringvegi á mótum Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur, nýjan Suðurlandsveg að brúnni á 300 m kafla og leggja tilheyrandi rampa, aðreinar og fráreinar til að fullmóta þessi mislægu gatnamót. Einnig skal gera nýja skeringu í gjánni við Suðurlandsveg. Verklök eru áætluð 1. nóvember 2006.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Tilboðum er raðað eftir stafrófsröð bjóðenda.

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (kr.)
Almenna verkfræðistofan hf.	54	10.497.500
Fjölhönnun ehf., verkfræðistofa	55	10.450.000
Línuhönnun hf.	58	9.611.768
VSÓ ráðgjöf ehf.	54	9.700.000
Áætlaður verktakakostnaður		11.500.000

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 8. tbl. 14. árg. nr. 429 20. mars 2006

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði

04-006

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu Hringvegur á 14,4 km löngum kafla í Norðurárdal í Skagafirði, frá Kjálkavegi að Heiðarsporði. Innifalið í verkinu er gerð 61 m langrar brúar á Norðurá, steyptra stokka á Kotá og Króká auk varnargarða, víravegríðs og girðinga.

Helstu magntölur eru:

Vegagerð:

Bergskeringar	73.000 m ³
Fylling og fláafleygar	650.000 m ³
Ræsalögn	900 m
Neðra burðarlag	85.000 m ³
Efra burðarlag	27.000 m ³
Tvöföld klæðing	120.000 m ²
Frágangur fláa	360.000 m ²
Grjótvörn	38.000 m ³
Girðingar	34.000 m
Víravegríð	6.000 m
Reiðstígar	6.500 m ²

Brú á Norðurá

Mótafletir	1.098 m ²
Slakbent járnalögn	39 tonn
Spennt járnalögn	10 tonn
Uppspenna og grautun	16 stk.
Steypa	555 m ³

Stokkar á Króká og Kotá

Mótafletir	2.852 m ²
Slakbent járnalögn	39 tonn
Steypa	726 m ³

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 20. mars 2006. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. apríl 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hringvegur (1)

um Norðurárdal í Skagafirði

Í þessu blaði er auglýst útboð vega- og brúagerðar um Norðurárdal í Skagafirði sem lengi hefur verið á áætlun. Núverandi vegur er fremur mjór með fjórum einbreiðum og lélegum brúm. Á honum eru blindhæðir og blindbeygjur. Slyshafa verið algeng og slæm á þessum kafla.

Vegur

Nýr vegur verður 14,4 km langur, vegtegund B3, heildarbreidd 8,5 m, þar af er akbrautin 6,5 m og hvor öxl 1,0 m. Vegurinn verður með 8,2 m breiðu bundnu slitlagi og 0,15 m breiðum malaröxlum. Sjá yfirlitsmynd á bls. 4 og 5. Vegurinn liggur að hluta í farvegi Norðurár og er grjótvarinn þar.

Brýr


Ný veglína þverar Norðurá í Skagafirði undir u.þ.b. 70° horni u.þ.b. 3 km neðar í ánni en núverandi brú, sjá yfirlitsmynd á bls. 6 og 7. Veglínan um brúna er í beinni línu í láréttu plani og í lágboga með 4.000 m radía í lóðréttu plani. Akbrautin er með 35% þverhalla. Brúin verður 61 m löng, steipt eftirspennt bitabrá í þremur höfum, 16 m, 27 m og 18 m löngum, með 8,5 m breiðu brúargólfi og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúar er 9,5 m. Allar undirstöður brúarinnar verða steiptar og grundaðar á bergi. Á brú og fyllingu skal setja vegrið.

Ný brú á Kotá er 6,7 m breiður steiptur stokkur byggður í farvegi árinna. Hann er í nýrri veglínu sem er sem næst 100 m neðan núverandi brúar. Heildarlengd með sökklum er 40,45 m.

Ný brú á Króká er 7,5 m breiður steiptur stokkur byggður í farvegi árinna. Heildarlengd með sökklum er 68,9 m. Stokkurinn er með 24° horni miðað við línu þvert á veglínu.

Verktími

Verkið skal hefja samkvæmt samþykktri verkáætlun en farg skal setja á fyrir 1. nóvember 2006. Byggingu brúa og lagningu slitlags skal lokið 20. ágúst 2007 og skal þá jafnframt vera búíð að taka veginn í notkun. Verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember 2007.





Núverandi vegur um Norðurárdal og einbreið brú.



Núverandi brú yfir Norðurá við Heiðarsporð.